



Alþingi  
Heilbrigðis- og trygginganefnd  
Helga Þórisdóttir, nefndaritari  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 25. apríl 2000  
Tilvísun: YDL00030044/50  
SÖH/--

Yfirdýralækni hefur borist til umsagnar frumvarp til laga til breytinga á lyfjalögum nr. 93/1994.

Yfirdýralæknir er samþykkur frumvarpinu í heild en gerir eftirfarandi athugasemdir og tillögur um breytingar:

2.gr.

Engar kröfur eru gerðar um menntun eða starfsreynslu forstjóra Lyfjamálastofnunar. Eðlilegt verður að teljast að það sé gert eins og um lyfjamálastjóra heilbrigðisráðuneytisins.

3. gr. 5. töluliður:

Við liðinn bætist: "og dýralyf í samvinnu við yfirdýralækni".

6.gr.

Bæta þarf inn ákvæði um, að Lyfjamálastofnun geti veitt dýralækni undanþágu vegna lyfja sem ekki hafa markaðsleyfi á Íslandi, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi. Þetta er brýnt því nokkur brögð eru að því, að mjög nauðsynleg dýralyf hafi ekki markaðsleyfi.

Virðingarfyllst,

Halldór Runólfsson  
yfirdýralæknir